

2. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 19. desember 2014 og hófst kl.11:00.

Mættir eru: Halldór Stefánsson, Jónas Jóhannsson, Agnar Jónsson og Elías Pétursson auk Svölu Sævarsdóttur sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki. Þá var gengið til dagskrár.

1. Kosning varaformanns

Formaður leggur til að þessum lið verði frestað og er það samþykkt samhljóða.

2. Rekstraruppgjör janúar-október 2014

Hafnarstjóri lagði fram rekstraruppgjör hafnarsjóðs fyrir fyrstu 10 mánuði ársins, afkoma hafnarsjóðs er 6,2 milljónum lakari en útkomuspá 2014 gerði ráð fyrir. Ástæðan fyrir því er að mun minni afli hefur borist á land síðastliðið ár og minni umsvif við höfnina.

3. Fjárhagsáætlun 2015

Hafnarstjóri lagði fram og fór yfir áætlun 2015 og gerir hún ráð fyrir 9,5 milljóna rekstrarafgangi. Áætlun samþykkt samhljóða.

4. Lóðamál

hafnarsvæðis

Eyraryvegur 4

Í samræmi við fundargerð 49. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 13. júní 2014 hvar lagt er til að lóðirnar Eyraryvegur 4 og Eyraryvegur 4b verði sameinaðar í eina lóð sem alls er 2.592 m²

Hafnarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti sameiningu lóðanna en leggur til eftirfarandi breytingu á skilyrðum sem fram komu í fundargerð Umhverfis- og skipulagsnefndar og varða úthlutunarskilmála lóðarinnar.

Komi ekki til byggingarframkvæmda á lóðinni innan 5 ára þá hefur Langanesbyggð rétt á að kalla eftir upplýsingum um byggingaráform á lóðinni og skal lóðarhafi svara því innan 6 mánaða. Sé framtíðaruppbygging ekki ákveðin innan 6 ára hefur Langanesbyggð rétt á að innkalla lóðina að undangengnum viðræðum við lóðarhafa. Bókun samþykkt með 2 greiddum atkvæðum, Jónas sat hjá.

Eyraryvegur 12, 14, 16.

Í samræmi við fundargerð 45. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar hvar óskað var umsagnar Hafnarnefndar um lóðarumsókn Ísfélags Vestmannaeyja vegna lóðar að Eyraryvegi 5 þá hefur sú þróun orðið að á 49. fundi nefndarinnar þann 13. júní 2014 var lagt fram lóðarblað, breyting á deiliskipulagi og önnur gögn hvar búið að fella hluta lóðarinnar undir lóðina Eyraryvegur 12, 14, 16, því verður hér fjallað um þá útfærslu.

Hafnarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti breytinguna en leggur til að eftirfarandi skilyrði verði sett í úthlutunarskilmála lóðarinnar. Skilyrðið bætist við önnur skilyrði er varða umgengni og að ekki sé um geymslusvæði að ræða.

Komi ekki til byggingarframkvæmda á reit þeim er bætt var við lóðina Eyrarveg 12, 14, 16 - frystihúslóðina með breytingum til stækkunar til austurs innan 5 ára þá hefur Langanesbyggð rétt á að kalla eftir gögnum um byggingaráform á lóðinni og skal lóðarhafi svara því innan 6 mánaða. Sé framtíðaruppbygging ekki ákveðin innan 6 ára hefur Langanesbyggð rétt á að innkalla lóðina að undangengnum viðræðum við lóðarhafa. Bókun samþykkt samhljóða.

5. Skemmdir á höfninni á Þórshöfn

Hafnarstjóri kynnti að skemmdir hefðu orðið á bryggjunni. Strax var sett fram krafa um ásættanlegar staðfestar tryggingar skipsins. Vegagerðin vinnur við skiplag á lagfæringu. Áætlað tjón er um 15 milljónir og reiknað er með því að viðgerð fari fram snemma í sumar.

6. Önnur mál

Engin

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.12.15